



**AF MÆLISKVEÐJA  
FRÁ  
FORSETA ÍSLANDS**

Á upphafsárum Sinfóníuhljómsveitarinnar var hugsjónin um öflugt tónlistarlíf veganesti þeirra merkisbera sem vildu í senn færa þjóðinni perlur tónlistarinnar og efla sköpunargleði nýrra kynslóða.

Stofnun hljómsveitarinnar í árdaga hins unga lýðveldis var eins konar menningarleg sjálfstæðisyfirlýsing, tilkynning um að bókmenntunum hefði bæst liðsauki; listalíf þjóðarinnar yrði að byggjast á alþjóðlegum metnaði.

Lengi vel var mjög á brattann að sækja og oft tvísýnt um starfsöryggi hljóðfærалеikaranna en á síðari áratugum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands orðið í senn burðarás í menningarlífi Íslendinga og glæsilegur fulltrúi þjóðarinnar á listasviði veraldarinnar.

Árangur hljómsveitarinnar er sönnun þess að lítil þjóð með nýfengið sjálfstæði í heimanmund getur gert sig gildandi á vettvangi þar sem aðrar og öflugri hafa um aldir verið ríkjandi.

Sinfóníuhljómsveitin hefur veitt íslenskum tónskáldum tækifæri til að efla og þroska listsköpun sína, mótað metnað ungs tónlistarfólks og skapað um leið aga og aðhald með þátttöku hæfileikafólks frá öðrum löndum.

Afrek Sinfóníuhljómsveitarinnar sést best á því að hver sá sem leggur mat á íslenska menningu við upphaf nýrrar aldar hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu að hljómsveitin sé þar burðarstofnun. Slíkt er gleðiefni okkar allra en þó einkum brautryðjendanna sem ýttu úr vör með draumsýnina að leiðarljósi.

Ég færi Sinfóníuhljómsveit Íslands árnaðaróskir og þakkir þjóðarinnar á þessum merku tímamótum.

Ólafur Ragnar Grímsson